

Slíkir starfshópar eða nefndir geta, að fengnu samþykki ráðsins, leitað samstarfs við fólk, er býr yfir reynslu og sérþekkingu á því sviði, sem starfshópnum eða nefndinni er ætlað að fjalla um.

6. gr.

Reikningsár Heilbrigðisráðs Íslands er almanaksárið.

Ráðið skal árlega gera áætlun um óhjákvæmilegan kostnað við starfsemi þess á næsta fjárhagsári. Áætlun þessa ásamt greinargerð skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 30. apríl ár hvert.

Ofangreindar starfsreglur staðfestast hér með.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. febrúar 1976 til ársloka 1980:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri
Akureyri — Þórshöfn — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 29. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Seltjarnarneskaupstað.

I. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa í Seltjarnarneskaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Þegar gerður hefur verið samningur milli landeiganda og bæjarstjórnar um gerð byggingahæfra lóða eða lóðir eru orðnar byggingahæfar að mati bæjarstjórnar, skal eigandi þegar greiða af þeim lóðum gatnagerðargjald kr. 1 040.00 á hvern m² lóðar.

Þessi upphæð er miðuð við byggingavísitölu 1881 stig og breytist í samræmi við hana.

Við samþykkt teikninga í bygginganefnd skal umreikna gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. og skal þá greiddur mismunur eða endurgreiddur.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús	8,0%
Raðhús og tvíbýlishús	6,0%
Fjölbýlishús	1,8%
Iðnaðarhúsnæði	2,5%
Sama, stærð 2000 m ² —5000 m ²	3,0%
Sama, stærð undir 2000 m ²	3,5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki skal aldrei teljast minni að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3,30.

Bilgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast, þegar hagkvæmara er, að mati bygginganefndar að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragejaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

Af einbýlishúsalóðum, sem eru stærri en 1000 m² skal greiða sérstakt stærðargjald af því sem er fram yfir 1000 m² kr. 1 040.00 pr. m² miðað við vísitölu 1881. Gjaldið breytist í samræmi við breytingar á vísitölu.

4. gr.

Ef lóðarhafi rifur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð, skal lækka gjald samkvæmt 2. gr. vegna nýja hússins um allt að kr. 925 000.00 eftir mati bygginganefndar. Upphæð þessi er miðuð við byggingavísitölu 1881 stig og breytist í samræmi við hana. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Gjald samkvæmt 3. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í bygginganefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

6. gr.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði síðar endurnýjað skal reikna gjaldið að nýju, en áður greitt gjald kemur þá til frádráttar.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem liður frá samþykkt teikninga og þar til framkvæmdir hefjast skal umreikna gjaldið sam-

kvæmt 2. gr. síðustu málsgrein í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefir orðið.

7. gr.

Bæjarstjórn setur reglur um innheimtu gatnagerðargjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. og 3. gr. skulu gilda um allar óbyggðar lóðir á Seltjarnarnesi, sem greitt hefur verið af gatnagerðargjald, hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 1 árs frá gildistöku þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

8. gr.

Af öllum lóðum og húsum sem falla undir I. kafla skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

9. gr.

Af hverjum rúmmetra greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,0%
Raðhús og tvíbýlishús	0,7%
Fjölbýlishús	0,4%
Atvinnuhúsnaði	0,7%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og samkvæmt 2. gr.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli er lokið. Heimilt er þó gjaldanda að greiða 2/3 gjaldsins með tveim jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu tvö ár á eftir, enda séu þó greiddir venjulegir víxilvextir af eftirstöðvum á hverjum tíma.

Gatnagerðargjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign. Bæjarstjórn samþykkir að beita ekki heimild um afturvirkni samkvæmt 4. gr. laga um gatnagerðargjöld.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.